

Vestmannaeyjabær
Dagný Hauksdóttir
Tangagötu 1
900 Vestmannaeyjar

Reykjavík, 9. ágúst 2024
UST202406-360/A.B.
10.04.02

Efni: Tillaga - Breyting á aðalskipulagi Vestmannaeyja 2015 - 2035 - Vestmannaeyjalína 4 VM4 og 5 VM5

Vísað er til erindis skipulags- og umhverfisfulltrúa Vestmannaeyjabæjar er barst 28. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar vegna breytingar á aðalskipulagi Vestmannaeyja 2015-2035 vegna lagningu nýrra sæstrengja, Vestmannaeyjalínu 4 (VM4) og 5 (VM5).

Í erindinu kemur fram að valkostagreining Landsnets hefur fjöldi leiða fyrir landtöku rafstrengjanna og að spennustöð HS-Veitna verið metnar. Auk þess segir er að áætlað er að besti kostur fyrir landtöku rafstrengjanna verði austast í Gjábakkafjöru og að á landi verði þeir leiddir upp gil til suður og þaðan niður Skansveg. Einnig segir að mikilvægi áreiðanlegrar raforkuafhendingar er ótvírætt og brýnt hagsmunamál fyrir samfélag Vestmannaeyja. Framkvæmdin gerir ráð fyrir röskun á yfirborði Eldfellshrauns sem nýtur sérstakrar verndar eldhrauna skv. 61. gr. náttúruverndarlaga. Einnig segir að útbreiðsla lúpínu hefur þegar breytt ásýnd hraunsins og dregið úr verndargildi þess. Vandað verður til hönnunar og verklags til að draga úr raski hraunmyndana og gerð göngustíga á röskuðu svæði verður skoðuð.

Sérstök vernd náttúruverndarlaga og náttúruminjaskrá

Eins og kemur fram í erindinu bendir Umhverfisstofnun á að hraunið á svæðinu nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Auk þess er svæðið á náttúruminjaskrá sem aðrar náttúruminjar og nefnist það Helgafell og Eldfell, Eldfjöllin bæði, hluti af nýja hrauninu og Flakkarinn við Skans og svæðinu lýst sem stórfenglegu landslagi og fræðandi um myndun og mótun lands.

Að mati Umhverfisstofnunar er hraunjaðarinn með hátt verndargildi og mikilvægt að vernda hann.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með

orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Í greinargerð er fjallað sé um hraunið við hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask á hrauni sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Auk þess eru lögð fram sérákvæði til verndar hraunsins og svæðisins sem er á náttúruminjaskrá.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við.

Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Sérákvæði

Í greinargerð segir að um frágang vegna lagningar háspennustrengja á óbyggðum svæðum með hraunfyrirborði og hverfisvernduðum svæðum gilda sérákvæði.

Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að sérákvæðin um frágang vegna lagningar háspennustrengja eigi einnig við önnur svæði eins og landgræðslusvæði (SL-1) þar sem er að finna hraun sem nýtur sérstakrar verndar og svæða sem eru á náttúruminjaskrá, sbr. ofangreinda umfjöllun um 61. gr. náttúruverndarlaga.

Lagning neðansjárleiðslna

Umhverfisstofnun vill benda á að lagning sæstrengja og neðansjárleiðslna er háð samþykki Umhverfisstofnunar samkvæmt [lögum nr. 33/2004](#) um varnir gegn mengun hafs og stranda og [reglugerð nr. 600/2018](#) um heimild til lagningar sæstrengja og neðansjárleiðslna. Framkvæmdir skulu samræmast skipulagi samkvæmt skipulagslögum eða lögum um skipulag haf- og strandsvæða.

Með umsókn til Umhverfisstofnunar um lagningu sæstrengs eða neðansjárleiðslna skulu fylgja eftirfarandi upplýsingar eins og við á hverju sinni:

- Lýsing á umfangi framkvæmdar og umfangi einstakra framkvæmdaþátta og upprættir af staðsetningu og legu.
- Upplýsingar um gerð, tegund og tilgang lagningar viðkomandi sæstrengs eða neðansjárleiðslu.
- Upplýsingar um hvernig framkvæmd fellur að gildandi skipulagsáætlunum eða skipulagsstefnu á viðkomandi svæði.
- Lýsing á staðhættum á framkvæmdarsvæði.
- Álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum eða ákvörðun Skipulagsstofnunar um að framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Sverrir Aðalsteinn Jónsson

teymisstjóri